



UMSÖGN

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Sendandi: Skrifstofa menningar- og íþróttasviðs

Umsögn MÍR um yfirlýsingu Eurocities – „Call to Action – for low carbon and more inclusive culture“

Borgarstjóri hefur kallað eftir umsögn Menningar- og íþróttasviðs um yfirlýsingu Eurocities sem ber heitið *Call to Action – for low carbon and more inclusive culture*. Um er að ræða yfirlýsingu sem fylgir í kjölfarið á Eurocities Culture Forum sem fór fram í Lille í september 2022 þar sem áhersla var lögð á sjálfbærni í menningu og listum. Yfirlýsingunni er ætlað að sýna fram á pólitískan vilja til aðgerða á þessu sviði innan evrópskra borga en Eurocities er tengslanet yfir 200 borga í Evrópu sem hefur það að markmiði að tryggja góð lífsgæði fyrir öll. Í yfirlýsingunni er talað um mikilvægi þess að horfst sé í augu við afleiðingar loftlagsbreytinga og að gripið sé til aðgerða sem veiti aðhald um leið og leitað er nýrra leiða til framkvæmda. Talað er um listir og menningu sem mikilvægt afl til að ná fram jákvæðum breytingum í samfélaginu. Á sama tíma geta listir og menning einnig verið mengandi, auk þess sem viðburðir og annað á því sviði krefjast orku og ganga á auðlindir og efnisleg gæði. Í yfirlýsingunni segir að nauðsynlegt sé að leiðtogar evrópskra borga horfist í augu við þetta og móti stefnu og aðgerðir í menningarmálum með áherslu á sjálfbærni og inngildingu.

Yfirlýsingin samanstendur af tveimur megin stoðum og þar undir 16 forgangsaðgerðum:

- Vistfræðileg umskipti á sviði menningar (10 forgangsaðgerðir)
- Inngilding í menningu og listum og í gegnum menningu og listir (6 forgangsaðgerðir)

Með því að skrifa undir yfirlýsinguna skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að:

- Móta menningarstefnu sem leggur áherslu á sjálfbærni og inngildingu með því að framkvæma að lágmarki eitt forgangsverkefni úr báðum meginstoðum yfirlýsingarinnar
- Koma á samstarfi við aðrar evrópskar borgir með það að markmiði að betrubæta stefnu og aðgerðir í menningarmálum. Slík samvinna á sér stað í gegnum starfshóp Eurocities í sjálfbærri menningu þar sem borgir deila þekkingu og kunnáttu, reynslu og nýrri nálgun
- Skoða möguleg samstarfverkefni með öðrum evrópskum borgum og nota til þess evrópska styrki
- Vekja athygli á vistfræðilegum umskiptum og inngildingunni á meðal almennings og sjálfstæðra aðila í menningarlífinu – svo sem stofnana, félaga, listafólks og áhorfenda



Reykjavíkurborg

Efni umræddrar yfirlýsingar fellur vel að nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 þar sem áhersla er lögð á bæði inngildingu og sjálfbærni. Í aðgerðaráætlun menningarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 er einnig að finna hinar ýmsu aðgerðir sem falla vel að mörgum forgangsaðgerðum yfirlýsingarinnar, t.a.m. forgangsaðgerðir 5, 9, 11, 12 og 14. Enn fremur kallast yfirlýsing vel á við Græna planið og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna sem stjórnvöld á Íslandi hafa samþykkt að fylgja og vinna eftir.

Þátttaka Reykjavíkurborgar í yfirlýsingunni kallar því ekki miklar breytinga á áherslum og verkefnum borgarinnar innan menningar og lista. Þátttaka í yfirlýsingunni getur þvert á móti hjálpað til við að halda áherslum nýrrar menningarstefnu á lofti, auk þess sem áhersla yfirlýsingarinnar á alþjóðlegt samstarf er gott innlegg sem myndi styrkja til muna öfluga stefnu. Að því sögðu er mikilvægt að undirskrift sé fylgt eftir með því að koma á góðum tengslum á milli skrifstofu menningarmála og Eurocities til að tryggja það að yfirlýsingin sé höfð að leiðarljósi og að Reykjavíkurborg standi við ofangreindar skuldbindingar og geri ráð fyrir þeim í sínum áætlunum á sviði menningarmála.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson
Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs